

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um skerta þjónustu Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað.

Frá Þuríði Backman.

1. Hvað veldur því að ákveðið hefur verið að draga stórlega úr starfsemi Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað á síðasta ársfjórðungi þessa árs, þar á meðal sérfræðiþjónustu í formi ferilverka?
2. Hvaða sparnaður felst í því fyrir heilbrigðiskerfið í heild þegar ljóst er að viðkomandi sjúklingar verða í staðinn að leita sér lækniþjónustu út fyrir fjórðunginn?
3. Mun ráðuneytið á næstunni leita til Alþingis eftir aukafjárveitingu fyrir Heilbrigðisstofnun Austurlands til að sjúkrahúsið í Neskaupstað geti sinnt nauðsynlegri starfsemi eins og hér um ræðir?